

Grunnskóli Reyðarfjarðar

Starfsáætlun 2020-2021



*Hugrökku ❤ er ekkert
ómögulegt*



Leiðarljós

Efnisyfirlit

UM SKÓLANN	4
GRUNNSKÓLI REYÐARFJARÐAR	4
SKIPULAG:	4
ÁVARP SKÓLASTJÓRA	5
SKIPURIT	6
STARFSFÓLK SKÓLANS	9
SÍMENNTUNARÁÆTLUN STARFSMANNA GRUNNSKÓLA REYÐARFJARÐAR	11
SKÓLAREGLUR	11
MEÐFERÐ AGABROTA	12
ÍTREKUÐ BROT Á SKÓLAREGLUM	12
BROTTREKSTUR ÚR TÍMA	12
NOTKUN TÓBAKS OG ÁFENGIS	13
VERKLAGSREGLUR UM VIÐBRÖGÐ VIÐ SKÓLASÓKNAR- OG ÁSTUNDUNARVANDA NEMENDA	13
TILHÖGUN KENNSLU	13
MENTOR	13
HÆFNIVIÐMIÐ	14
SAMSKIPTADAGUR	14
HEIMANÁM	14
SMÍÐJUR Í 1. – 7. BEKK	14
VALGREINAR	14
INNRA MAT SKÓLA	14
SKÓLAPÚLSINN	15
OLWEUSARKÖNNUN	15
STOÐPJÓNUSTA	17
ALMENNT	17
STOÐPJÓNUSTAN	17
SKIMUN Í GRUNNSKÓLA REYÐARFJARÐAR 2020 – 2021	18
ÍSLENSKA SEM ANNÆÐ MÁL	18
NÁMSRÁÐGIÖF	19
SÉRFRÆÐIÐSTOÐ - SKÓLASKRIFSTOFA AUSTURLANDS	20
	20
SKÓLAHEILSUGÆSLA	21
SKÓLAHJÚKRUNARFRÆÐINGUR	21
TANNVERND	21
STARFSÁÆTLUN NEMENDA	22
STUNDASKRÁ NEMENDA	22
SKÓLADAGATAL ER Á HEIMASÍÐU SKÓLANS: GRUNNREY.IS	22
HTTPS://WWW.GRUNNREY.IS/STATIC/FILES/SKOLINN/SKOLADAGATAL-2019-2020-LOKA.PDF	ERROR! BOOKMARK NOT DEFINED.
ÚTIVISTARDAGUR AÐ HAUSTI	22
SAMTÖL VIÐ ANNASKIL	22
FRAMMISTÖÐUMAT OG HÆFNIVIÐMIÐ	22
SAMRÆMD PRÓF	22
VETRARFRÍ	23
ÞEMADAGAR	23

STOFUJÓL	23
LITLU JÓLIN OG JÓLABALL	23
ÍÞRÓTTADAGUR.....	23
PÖRRABLÓT.....	23
HEIMSÓKN Í FRAMHALDSSKÓLA	24
SKÓLAHREYTI	24
STÓRA UPPLÉSTRARKEPPNIN Í 7. BEKK OG LITLA UPPLÉSTRARKEPPNIN Í 4. BEKK.....	24
ÁRSHÁTÍÐ	24
SKÍÐADAGUR	24
SKÓLAFERÐALAG	24
VORDAGAR	25
SKÓLASLIT.....	25
RÁÐ OG NEFNDIR Í GRUNNSKÓLA REYÐARFJARÐAR	25
SKÓLARÁÐ	25
NEMENDAVERNDARRÁÐ	25
STJÓRN FORELDRAFÉLAGS	25
HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR.....	26
VEÐUR OG FÆRD.....	26
MÖTUNEYTI	26
FORFÖLL.....	26
ÖRYGGI.....	27
ALMENNT	27
MINNISATRIÐI VEGNA ÍÞRÓTTAKENNSLU	27
.....	28
SKÓLASEL	28
FORELDRAFÉLAG	29
FJARDAFORELDRAR	29
FÉLAGSLÍF OG SKEMMTANIR	29
FÉLAGSMÍÐSTÖÐIN ŽVESKJAN	29
SKEMMTANIR Á VEGUM SKÓLANS	30
SKÓLASAFN	30
TRYGGINGAR SKÓLABARNA	31
VIÐBRÖGÐ VIÐ VÁ	32



Um skólann

Grunnskóli Reyðarfjarðar

Heiðarvegi 14a

730 Fjarðabyggð

Sími 474 1247

Netfang: rey@skolar.fjardabyggd.is

Heimasíða: grunnrey.is

Skólastjóri

Guðlaug Árnadóttir, beinn sími **474 1647**

Aðstoðarskólastjóri

Díana Ívarsdóttir

Deildarstjóri sérkennslu

Hildur Magnúsdóttir

Skólasel símar **474 1547, 869-1247, 857-1247**

Forstöðumaður

Marzena Bougumila Kowalska

Fjöldi nemenda 201



Skipulag:

- Skólinn opnar kl. 07:45
- Gæsla er á göngum og kennslustofum frá kl. 07:45
- Fyrsta kennslustund hefst kl. 08:10
- Nesti er um kl. 09:20 og það borða nemendur í þeim stofum sem þeir eru í samkvæmt stundaskrá. Mælt er með að nemendur hafi með sér ávöxt.
- Frímínútur hefjast kl. 09:30 og þá fara nemendur út en nemendur á unglingastigi hafa val um að vera úti eða inni. Næsta kennslustund hefst kl. 09:50.
- Hádegishlé er frá kl. 11:10 – 11:50. Ýmist byrja nemedur í matsal og fara síðan í frímínútur eða byrja í frímínútum og fara síðan í matsal.
- Frímínútur eftir hádegi eru frá 13:10 – 13:25 og hafa nemendur val um að vera úti eða inni. Nemendur hafa aðstöðu í salnum til að borða nesti á þessum tíma.
- Skólasel er opið kl. 13:10 til 16:20.
- Tónlistarskólinn er til húsa í skólabyggingunni. Nemendur tónlistarskólans geta sótt þar tíma á skólatíma annað hvort eftir rúllandi stundatöflu eða í föstum tímum.

Ávarp skólastjóra

Ágætu forráðamenn

Leiðarljós er skólanámskrá og starfsáætlun Grunnskóla Reyðarfjarðar. Í grunnskóla-lögum nr 91/2008 29. gr. segir að gefa eigi út skólanámskrá og starfsáætlun í hverjum grunnskóla og að skólastjóri er ábyrgur fyrir gerð þeirra og skal semja þær í samráði við kennara.

Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá grunnskóla um markmið, inntak náms og námsmat, starfshætti og mat á árangri og gæðum skólastarfs. Skólanámskrá tekur mið af sérstöðu hvers grunnskóla og aðstæðum og skal endurskoða reglulega.

Í starfsáætlun er m.a. gerð grein fyrir skóladagatali, skólareglum, stoðþjónustu, félagslífi og öðru því sem varðar starfsemi skólans ár hvert. Starfsáætlun skóla skal árlega lögð fyrir fræðslunefnd til staðfestingar. Einnig er skólastjóri ábyrgur fyrir umfjöllun starfsáætlunar í skóla og skólaráði.

Starfsáætlun og skólanámskrá skulu vera aðgengilegar öllum aðilum skólasamfélagsins og er birt á heimasíðu skólans.


Við í Grunnskóla Reyðarfjarðar notum upplýsingavefinn mentor.is. Mentor er lokaður vefur þar sem forráðamenn þurfa að skrá aðgangsorð sem hægt er að nálgast hjá umsjónarkennara, ritara eða skólastjórnendum. Á Mentor geta nemendur og forráðamenn séð bekkjalista og sent póst, skoðað ástundun barna sinna, stundatöflur, heimanám, námsáætlanir og námsmat. Vefsvæði Mentors heldur utan um námsmat hæfniviðmiða og er mikilvægt að nemendur og forráðamenn tileinki sér það að fylgjast vel með á námssvæði nemenda í Mentor en á hæfnikortum hverrar námsgreinar er lýsing á á þeirri hæfni sem nemendur eiga að stefna að og hafa náð. Tvisvar á ári hitta hitta nemendur og forráðamenn þeirra umsjónarkennara barnsins þar sem farið er yfir námshæfni þess.

Skólastarf snýst ekki eingöngu um að ná góðum árangri í námsgreinunum, það er einnig mikilvægt að við skilum frá okkur ánægðum einstaklingnum sem eru færir í mannlegum samskiptum, búa yfir seiglu og þrautseigju og tilbúnir að axla þá ábyrgð sem felst í því að taka þátt í samfélagi. Þau gildi sem við þurfum að hafa í huga í daglegu starfi eru kurteisi, þróðmennska og virðing fyrir hvert öðru og umhverfi okkar og það að gefast ekki upp þó á móti blási. Þessa eiginleika þurfum við að muna að rækta í dagsins önn.

Guðlaug Árnadóttir



Skipurit



Menntamálaráðherra

Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn þeirra málefna sem grunnskólalögin ná yfir og hefur eftirlit með því að sveitarfélögin uppfylli þær skyldur sem lög, reglugerðir og aðalnámskrá grunnskóla kveða á um. Ráðherra fylgist með að allir skólar eigi aðgang að sérfræðipjónustu og annast söfnun og dreifingu upplýsinga um skólahald.



Bæjarstjórn

Allur rekstur grunnskóla er á ábyrgð og kostnað bæjarfélagsins. Fræðslunefnd og fræðslustjóri Fjarðabyggðar, Þóroddur Helgason, eru bæjarstjórn ráðgefandi um rekstur skólans.

Fræðslunefnd/ Fræðslustjóri

Sér um að öll börn í bæjarfélaginu njóti lögboðinnar fræðslu. Fræðslunefnd staðfestir áætlun um starfstíma nemenda ár hvert og fylgist með framkvæmd náms og kennslu í bæjarfélaginu. Hún fylgist með og stuðlar að því að skólinn fái aðgang að sérfræðipjónustu og að húsnaði og aðbúnaður sé fullnægjandi, þar með talin útivistar- og leiksvæði nemenda. Fræðslunefnd ásamt fræðslustjóra og skólastjórum lítur eftir að uppfylltar séu kröfur laga og reglugerða og gerir tillögur til bæjarstjórnar um úrbætur.

Skólastjóri

Er forstöðumaður grunnskóla, stjórnar honum og ber ábyrgð á starfi skólans og veitir honum faglega forystu. Skólastjóri sér um að skólanámskrá og starfsáætlun sé gerð. Skólastjóri skal a.m.k. einu sinni á ári boða til sameiginlegs fundar skólaráðs og nemendaráðs til þess að veita upplýsingar um skólastarfið og fjalla um málefni þessara ráða.

Aðstoðarskólastjóri

Aðstoðarskólastjóri er staðgengill skólastjóra. Þeir hafa með sér ákveðna verkaskiptingu. Í Grunnskóla Reyðarfjarðar sér aðstoðarskólastjóri m.a. um innkaup og skipulag gæslu.



Deildarstjóri

Deildarstjóri hefur yfirumsjón með málefnum nemenda sem þurfa á sérkennslu og stuðningi að halda. Undir stjórn deildarstjóra eru stuðningsfulltrúar og aðrir sem koma að kennslu nemenda sem þurfa aðstoð.

Nemendaráð

Nemendaráð vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda. Nemendaráð skal setja sér fastar starfsreglur. Daníel Guðmundur Hjálmtýsson, umsjónarkennari 10. bekkjar, heldur utan um störf nemendaráðs.

Skólaráð

Skv. 8. grein grunnskólalaga nr. 91/2008 á að starfa skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og móttöku sérkenna hans. Skólaráð skal skipað átta einstaklingum til tveggja ára í senn auk skólastjóra sem stýrir starfi skólaráðs. Skólaráð fjallar m.a. um námskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið.

Starfsáætlun skólaráðs 2020-2021.

Október	• Farið yfir starfsáætlun skólaráðs og hlutverk þess. • Skólanámskrá og starfsáætlun skólans skoðaðar. • Farið yfir skóladagatal og starf vetrarins. • Teymiskennslan og Verkfærakistan kynnt. • Sagt frá styrk vegna starfendarannsókna.
Nóvember	• Sameiginlegur nemendaráðs og skólaráðs. • Niðurstöður Skólapúlsins kynntar. • Áherslur nemendaráðs.
Febrúar	• Skóladagatal lagt fram til kynningar. • Niðurstöður Olweusar kynntar. • Öryggi, aðbúnaður og almenn velferð nemenda, gengið um skólann og skólalóð og skoðað hvað þarf að bæta.
Mái	• Niðurstöður samræmdra prófa kynntar. • Skóladagatal lagt fram til samþykktar • Niðurstöður Skólapúlsins kynntar, heildarniðurstöður vetrarins. • Skólaárið 2020-2021 – mannaráðningar.



Nemendaverndarráð

Hlutverk nemendaverndarráðs er að fara yfir málefni nemenda og samræma áherslur við úrlausn einstakra mála. Fundir eru haldnir reglulega yfir veturinn.

Eineltisteymi

Sér um skráningu eineltismála og aðstoðar kennara við lausn slíkra mála.

Húsvörður

Húsvörður hefur umsjón með húsnæði skólans og leiktækjum á skólalóð. Húsvörður er næsti yfirmaður skólaliða og hefur umsjón með störfum þeirra, m.a. ræstingu og gangavörslu.

Forstöðumaður skólasafns

Stýrir í samráði við skólastjóra uppbyggingu skólasafnsins, innkaupum, varðveislu gagna, opnunartíma og kennslu á skólasafni. Hann vinnur einnig að eflingu læsis meðal nemenda í samstarfi við umjónarkennara.

Forstöðumaður Skólasels

Stýrir í samráði við skólastjóra starfi Skólaselsins, sem býður upp á lengda viðveru fyrir nemendur í 1. – 4. bekk.

**Starfsfólk skólans**

Anna Maria Skrodzka-Peta, íþróttir
Ásta Ásgeirsdóttir, skólastjóri í námsleyfi
Ásthildur Magnea Reynisdóttir, stuðningsfulltrúi

annamaria@skolar.fjardabyggd.is
asta@skolar.fjardabyggd.is
asthildur@skolar.fjardabyggd.is

Baldur Þór Finnsson, umsjónarkennari í 8. bekk	baldurf@skolar.fjardabyggd.is
Brynja Sigurjónsdóttir, umsjónarkennari í 7. bekk	brynjas@skolar.fjardabyggd.is
Daníel Guðmundur Hjámtysson, umsjónark. 10. bekk	danielhj@skolar.fjardabyggd.is
Díana Ívarsdóttir, aðstoðarskólastjóri	dianai@skolar.fjardabyggd.is
Dísa Mjöll Ásgeirsdóttir, umsjónarkennari í 3. bekk	disam@skolar.fjardabyggd.is
Dóra Sólrún Kristinsd., starfandi náms- og starfsráðgjafi	dorasol@skolar.fjardabyggd.is
Elín Guðmundsdóttir, sérkennari	elin@skolar.fjardabyggd.is
Elín Rún Sizemore, heimilisfræði	elinrun@skolar.fjardabyggd.is
Erna Arnþórsdóttir, ritari	erna@skolar.fjardabyggd.is
Guðbjörg M. Kristjánsdóttir, stuðningsfulltrúi	gudbjorgk@skolar.fjardabyggd.is
Guðlaug Árnadóttir, skólastjóri	gudlaug@skolar.fjardabyggd.is
Guðný Helga Grímsdóttir, umsjónarkennari í 9. bekk	guðnygr@skolar.fjardabyggd.is
Guðrún Linda Hilmarsdóttir, umsjónarkennari í 6. bekk	linda@skolar.fjardabyggd.is
Guðrún Rúnarsdóttir, forstöðumaður skólabókasafns	gudrunr@skolar.fjardabyggd.is
Hildur Magnúsdóttir, deildarstjóri sérkennslu	hildur@skolar.fjardabyggd.is
Hjördís Helga Þóroddsdóttir, umsjónarkennar í 3. bekk	hjordishelga@skolar.fjardabyggd.is
Hulda Guðnadóttir, danska og handmennt	hulda@skolar.fjardabyggd.is
Iðunn Bragadóttir, enska, sérkennsla og stuðningur	idunn@skolar.fjardabyggd.is
Ingibjörg Sverrisdóttir, skólaliði	ingibjorg@skolar.fjardabyggd.is
Jón Guðmundsson, húsvörður	jong@skolar.fjardabyggd.is
Jóna Valgerður Ólafsdóttir, skólaliði	jona@skolar.fjardabyggd.is
Kjartan Glúmur Kjartansson, íslenska sem annað mál	glumur@skolar.fjardabyggd.is
Kolbrún Sjöfn Magnúsdóttir, umsjónarkennari í 4. bekk	kolbrun@skolar.fjardabyggd.is
Kristín Kara Collins, íslenska, sérkennari	kristinkc@skolar.fjardabyggd.is
Lísa Björk Bragadóttir, íslenska,	lisa@skolar.fjardabyggd.is
Magnús Jensen Ásbjörnsson, stuðningsfulltrúi	magnusj@skolar.fjardabyggd.is
Margrét Þorvaldsdóttir, stuðningsfulltrúi	magga@skolar.fjardabyggd.is
Marzenna Bogumila Kowalska, forstöðumaður Skólasels	marzenna@skolar.fjardabyggd.is
Paola Delfina Felix Pinto, frístundaleiðbeinandi	paola@skolar.fjardabyggd.is
Sara Dís Tumadóttir, náttúrufræði og upplýsingamennt	saradis@skolar.fjardabyggd.is
Sigríður Guðný Sigurðardóttir, frístundaleiðbeinandi	sigridurgudny@skolar.fjardabyggd.is
Sigríður Harpa Gunnarsdóttir, umsjónarkennari í 2. bekk	sigridurhg@skolar.fjardabyggd.is
Sigrún Hulda Sæmundsdóttir, stuðningsfulltrúi	sigrunhulda@skolar.fjardabyggd.is
Sigurborg Benediktsdóttir, stuðningsfulltrúi	sigurborgb@skolar.fjardabyggd.is
Steinunn Guðnadóttir, umsjónakennari í 1. bekk	steinunng@skolar.fjardabyggd.is
Svava Gerður Magnúsdóttir, umsjónarkennari í 5. bekk	svavagm@skolar.fjardabyggd.is
Thelma Rún Magnúsdóttir, í fæðingarorlofi	thelmarun@skolar.fjardabyggd.is
Varvara Voronina, danskennari	varvara@skolar.fjardabyggd.is
Þórhalla Bóasdóttir, skólaliði	thorhalla@skolar.fjardabyggd.is
Þuríður Haraldsdóttir, sérkennla	thuridur@skolar.fjardabyggd.is

Símenntunaráætlun starfsmanna Grunnskóla Reyðarfjarðar

Ár hvert er unnin áætlun fyrir starfsþróun starfsfólks grunnskólans. Hana má sjá á heimasíðu skólans grunnrey.is:

<https://www.grunnrey.is/static/files/starfsfolk/starfsthrounaraaetlun-2020-2021.pdf>

Skólareglur

Almennar skólareglur

Almennar skólareglur

- Við leggjum ekki aðra í einelti.
- Við aðstoðum þá nemendur sem verða fyrir einelti.
- Við gætum þess að enginn sé einn.
- Ef við vitum að einhver er lagður í einelti eigum við að segja umsjónarkennaranum (eða öðrum starfsmanni í skólanum) frá því og líka fólkinu heima.
- Skólinn er okkar vinnustaður og við gerum skólaveruna sem ánægjulegasta með hjálpssemi, tillitssemi og þrúðmannlegri framkomu.
- Við göngum vel um, förum vel með bækur og aðrar eignir skólans bæði utan sem innan dyra.
- Við mætum stundvíslega í skólann og komum vel undirbúin.
- Við tökum með okkur hollt og gott nesti þar sem sérstaklega er mælt með ávöxtum og grænmeti.
- Við hengjum yfirhafnir okkar í fatahengi og röðum skónum okkar í skóhillur.
- Nemendur fara út á leikvöll/höll í frímínútunum sem liggja að ávaxtanesti og hádegismat.
- Nemendur þrifa borð og sópa kennslustofur í lok kennsludags.
- Notkun farsíma er óheimil í skólanum.
- Sælgætisát og gosdrykkja er óheimil í skólanum nema leyft sé á samkomum.
- Neysla orkudrykkja er með öllu óheimil.
- Notkun tóbaks, rafsígarettar, áfengis og annarra vímuefna er með öllu óheimil.
- Allt sorp er flokkað.
- Lífrænn úrgangur er settur í safntunnur.

Reglur í matsal Grunnskóla Reyðarfjarðar

- Við notum inniröddina.
- Við sýnum kurteisi og þrúðmannlega framkomu.
- Við bíðum fallega í röð.
- Við göngum alltaf í salnum og förum varlega með matinn til sætis.
- Við gætum þess að enginn sitji einn.
- Við tileinkum okkur góða borðsiði.
- Við göngum frá eftir okkur.

- Við fáum okkur ekki meira á diskinn en við ætlum að borða.
- Við komum á réttum tíma inn í mat.

Reglur um notkun rafeindatæki í Grunnskóla Reyðarfjarðar

<https://www.grunnrey.is/static/files/skolinn/reglur-um-notkun-snjalltaekja-i-grunnskolum-fjardabyggdar-002-.pdf>



Meðferð agabrota

Ítrekuð brot á skólareglum

Valdi nemandi truflun á skólastarfi tekur umsjónarkennari málið í sínar hendur og vinnur að lausn þess í samvinnu við foreldra og kennara.

Beri það ekki árangur er málinu vísað til skólastjóra sem vinnur að lausn málsins í samræmi við lög og reglugerðir.

Brottrekstur úr tíma

Valdi nemandi truflun á skólastarfi og láti ekki segjast við áminningu kennara er heimilt að vísa honum úr tíma til skólastjórnenda. Kennari greinir umsjónarkennara frá málavöxtum og umsjónarkennari hefur samband við foreldra.

Notkun tóbaks og áfengis

Verði nemandi uppvís að hafa notað tóbak, áfengi og/eða önnur vímuefni á skemmtunum skólans eða í skólaferðalögum, í skóla eða á skólalóð er haft samband við foreldra. Sama gildir um notkun rafretta. Ef um er að ræða ítrekuð brot er nemandi útilokaður frá þátttöku í öllum skemmtunum og ferðum á vegum skólans.

Verklagsreglur um viðbrögð við skólasóknar- og ástundunarvanda nemenda

- Umsjónarkennari leitar orsaka fyrir vanda nemandans og hvetur hann til þess að bæta sig. Umsjónarkennari leitar aðstoðar foreldra.
- Umsjónarkennari leitar aðstoðar skólastjórna og sérfróðra ráðgjafa skólans.
- Skólastjóri og umsjónarkennari halda fund með foreldrum og nemanda þar sem hvatt er til umbóta og orsaka vandans leitað. Skólastjóri leggur málið fyrir nemendaverndarráð ef engin eða lítil bót verður á skólasókn.
- Sérstaklega skal skoða:
 - nám nemandans – stuðning í námi
 - aðstæður í nemenda- og félagahópnum
 - samskipti kennara og nemenda
 - samskipti foreldra og skóla
 - aðstæður nemandans
 - heilsufar nemandans
- Ef ekki næst viðunandi árangur óskar skólastjóri og/eða forráðamenn eftir ráðgjöf og þjónustu frá Fjölskyldusviði Fjarðabyggðar.
- Fulltrúi fjölskyldusviðs vinnur með skólastjóra og foreldrum að lausn málsins.
- Finnist ekki viðunandi lausn fyrir nemandann þá er málið tilkynnt til Fjölskyldusviðs Fjarðabyggðar skv. 17. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.
- Teymi stofnað um málið. Fjölskyldusvið Fjarðabyggðar leiðir teymið og ber ábyrgð á vinnu þess.

Nánari upplýsingar um ástundunarkerfi og verkferla er að finna á heimasíðu skólans:

<https://www.grunnrey.is/static/files/nemendur/skolasokn-nemenda.pdf>

<https://www.grunnrey.is/static/files/nemendur/skolasokn-verkferlar.pdf>

Tilhögun kennslu

Mentor

Mentor er heildstætt upplýsinga- og námskerfi fyrir grunnskóla. Þar er að finna hæfnikort nemenda, námsáætlanir, stundaskrár, heimanámsáætlanir og yfirlit yfir ástundun.

Hæfniviðmið

Vefsvæði Mentors heldur utan um námsmat hæfniviðmiða og er mikilvægt að nemendur og forráðamenn tileinki sér það að fylgjast vel með á námssvæði nemenda í Mentor en á hæfnikortum hverrar námsgreinar er lýsing á á þeirri hæfni sem nemendur eiga að stefna að og hafa náð.

Samskiptadagur

Samskiptadagur er í janúar. Þá hitta nemendur, ásamt forráðamönnum sínum, umsjónarkennarann sinn og fara yfir stöðu nemandans í náminu. Þess utan geta forráðamenn beðið um viðtal við kennara, starfsmenn og stjórnendur, hringt eða komið í skólann og rætt málin þegar þurfa þykir.

Heimanám

Nemendur sjá yfirlit heimavinnu á mentor.is. Boðið er upp á aðstoð við heimanám í miðdeild og í unglingadeild.

Smiðjur í 1. – 7. bekk

List- og verkgreinar eru kenndar í smiðjum. Smiðjurnar eru átta: bókasafn, heimilisfræði, legó, myndmennt, smíðar, textílmennt, tónmennt og upplýsingamennt. Nemendur eru í 6 kennslustundir á viku í hverri smiðju, 4 – 5 vikur í röð.

Valgreinar

Samkvæmt grunnskólalögum eiga nemendur í 8., 9. og 10. bekk að hafa kost á vali í námi sínu. Markmiðið með því að bjóða upp á val er að gera nemendur ábyrga fyrir eigin námi og skapa sveigjanleika í skólastarfi. Grunnskólanemendur hafa einnig rétt á að stunda nám í einstökum námsgreinum á framhaldsskólastigi meðan þeir eru í grunnskóla hafi þeir sýnt fullnægjandi færni en slíkt er alfarið á ábyrgð foreldra.

Hver valgrein er kennd í tvær stundir í einu og velja nemendur tvær valgeinar fyrir áramót og aðrar tvær eftir áramót. Valbækling er að finna á heimasíðu skólans:

<https://www.grunnrey.is/static/files/skolinn/2020-2021/valbaeklingurinn-2020-2021.pdf>

Innra mat skóla


Mat á skólastarfi er liður í lögbundnu eftirlitsstarfi skóla og skólayfirvalda sem hefur þann tilgang að tryggja réttindi nemenda og stuðla að skólaumbótum. Markmið mats og eftirlits er meðal annars að fylgjast með að starfsemi skóla sé í samræmi við lög og reglugerðir, veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun og að auka gæði skólastarfsins, stuðla að umbótum og tryggja að réttindi nemenda séu virt.

Skólapúlsinn

Skólinn notar sjálfsmatskerfið Skólapúlsinn til að fylgjast með og bæta innra starf skólans. Um er að ræða kannanir sem lagðar eru fyrir nemendur árlega og foreldra og starfsmenn annað hvert ár. Forráðamenn fá tilkynningar um fyrirhugaðar kannanir og geta þá tekið afstöðu til þess hvort þeir eða barn þeirra svari spurningalistanum. Nánari upplýsingar um Skólapúlsinn eru á heimasíðu skólans, grunnrey.is.

Olweusarkönnun

Árlega svara nemendur 5. – 10. bekkjar könnun varðandi einelti og eru niðurstöður hennar kynntar foreldrum í tölvupósti. Líkt og með könnun Skólapúlsins fá forráðamenn tilkynningu þar um áður.



Langtímaáætlun í innra mat

Viðfangsefni	2017-2018	2018-2019	2019-2020	2020-2021
Nám og kennsla:				
Niðurstöður prófa og skimana.	x	x	x	x
Námsumhverfi og skipulag náms (Nemendakönnun).		x	x	x
Kennsluhættir og gæði kennslu.	x	x	x	x
Námshættir og námsvitund (Skólapúlsinn).	x	x	x	x
Lýðræðisleg vinnubrögð, þátttaka og ábyrgð nemenda (Skólapúlsinn).	x	x	x	x
Skóli án aðgreiningar.	x	x	x	x
Mannauður:				
Fagmennska starfsfólks.	x	x	x	x
Starfsánægja, líðan og aðbúnaður á vinnustað (Fjarðabyggð).		x		x
Stjórnun og skipulag:				
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi.	x	x	x	x
Stjórnun skólans (Fjarðabyggð)		x		x
Faglegt samstarf	x	x	x	x
Skólaþróun og starfsþróun		x		x
Skóladagur nemenda, skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur.	x	x	x	x
Skólabragur:				
Viðmót og menning (Olweus og Skólapúlsinn).	x	x	x	x
Velferð og líðan nemenda (Skólapúlsinn).	x	x	x	x
Samstarf heimila og skóla (Foreldrakönnun Skólapúlsinn)	x			x
Innra mat				
Framkvæmd innra mats.	x	x	x	x
Umbótastarf í kjölfar innra mats.	x	x	x	x

Stoðþjónusta

Almennt

Í nýrri Aðalnámskrá Grunnskóla, frá 2013, kafla 7, eru dregnar fram megináherslur um nám og kennslu sem eiga að stuðla að því að hver og einn nemandi náí sem bestum árangri miðað við eigin forsendur.

Í 2. grein laga um grunnskóla er lögð áhersla á það meginhlutverk grunnskólans að stuðla að alhliða þroska allra nemenda, þ.e. að nám sé á forsendum hvers og eins nemanda og fari fram í hvetjandi námsumhverfi þar sem hann finnur til öryggis og fær notið hæfileika sinna.

Sveitarfélögum ber skylda til þess að veita nemendum stuðning í skólastarfi í samræmi við sérþarfir þeirra. Þetta á við um alla nemendur, fatlaða og ófatlaða og að komið sé til móts við náms-, líkams-, félags- og tilfinningalegar þarfir þeirra óháð menningu og þjóðerni.



Stoðþjónustan

Í Grunnskóla Reyðarfjarðar er leitast við að koma til móts við mismunandi þarfir nemenda. Það kallar á fjölbreytta þjónustu í skóla án aðgreiningar þar sem námsleiðir taka mið af hverjum og einum einstaklingi. Sérkennsla er ein þeirra leiða sem í boði eru til að mæta þörfum hvers og eins einstaklings meðan hann stundar nám í grunnskóla. Stuðningskennsla er einnig leið sem í boði er, einkum ætluð litlum hópi nemenda sem fylgja námsmarkmiðum bekkjar t.d. í íslensku og stærðfræði, en þurfa meiri aðstoð til að ná námsmarkmiðum.

Deildarstjóri sérkennslu er yfirmaður hennar og er hlutverk hans í samráði við aðra, að skipuleggja sérkennslu, námsstuðning og þau sérúrræði sem nemendur þurfa. Deildarstjóri upplýsir annað starfsfólk um þá nemendur sem hafa sérþarfir og sér til þess að einstaklingsnámskrár séu gerðar og veitir leiðsögn við gerð þeirra. Hann heldur utan um samskipti við foreldra þegar kemur að greiningum til fagaðila. Deildarstjóri situr fundi með skólastjórnendum, nemendaverndarráði, greiningaraðilum, námsráðgjafa, foreldrum, nemendum, kennurum og öðru starfsfólki sem málið varðar.

Aðrir starfsmenn stoðþjónustu Grunnskóla Reyðarfjarðar eru sérkennarar sem vinna náð með umsjónarkennurum sem og stuðningfulltrúar sem eru kennurum til aðstoðar allt eftir þörfum nemenda hverju sinni. Jafnframt starfar við skólann námsráðgjafi sem vinnur að ýmsum velferðarmálum er snerta nám, líðan og framtíðaráform nemenda (sjá kaflann um námsráðgjöf).

Hildur Magnúsdóttir er deildarstjóri sérkennslu. Aðrir sem koma að kennslu og þjálfun barna með sérþarfir eru Elín Guðmundsdóttir, Kjartan Glúmur Kjartansson, Kristín Kara Collins og Þuríður Haraldsdóttir.

Stuðningsfulltrúar skólans eru Ásthildur Magnea Reynisdóttir, Guðbjörg M. Kristjánsdóttir, Iðunn Bragadóttir, Margrét Þorvaldsdóttir, Marzenna Bogumila Kowalska, Sigrún Hulda Sæmundsdóttir, Sigurborg Benediktsdóttir og Magnús Jenssen Ásbjörnsson.

Skimun í Grunnskóla Reyðarfjarðar 2020 – 2021**Skimun í Grunnskóla Reyðarfjarðar 2020 – 2021**

Bekkur	haustönn	miðönn	vorönn
1.	Lesferill - lesfimi í sept. lesskimun í okt. Læsi, lestrarskimun, 2. - 13. nóv.	Lesferill, lesfimi - janúar Læsi, lestrarskimun, 1. - 12. feb.	Lesferill, lesfimi - maí
2.	Lesferill, lesfimi september Læsi, lestrarskimun, 2. - 13. nóv.	Lesferill, lesfimi - janúar	Lesferill, lesfimi - maí Lesmál, mat á lestri og réttitun, 7. - 14. apríl
3.	Lesferill, lesfimi - september Talnalykill, stærðfræðigreining - 9. nóv.	Lesferill, lesfimi - janúar Logos, 20. - 21. jan.	Lesferill, lesfimi - maí
4.	Lesferill, lesfimi - september Samræmt próf, ísl./stærðfr., 30. sept. - 1. okt.	Lesferill, lesfimi - janúar	Lesferill, lesfimi - maí
5.	Lesferill, lesfimi og hliðarpróf - september Orðarún, lestur/lesskilningur 5. - 9. okt.	Lesferill, lesfimi - janúar	Lesferill, lesfimi - maí Orðarún, lestur/lesskilningur 3. - 7. maí
6.	Lesferill, lesfimi - september Talnalykill, stærðfræðigreining, 13. - 14. okt. Logos, 13. - 14. okt. Orðarún, lestur/lesskilningur 5. - 9. okt.	Lesferill, lesfimi - janúar	Lesferill, lesfimi - maí Orðarún, lestur/lesskilningur 3. - 7. maí
7.	Lesferill, lesfimi - september Samræmt próf, ísl./stærðfr., 24. - 25. Sept. Orðarún, lestur/lesskilningur 5. - 9. okt.	Lesferill, lesfimi - janúar	Lesferill, lesfimi - maí Orðarún, lestur/lesskilningur 3. - 7. maí
8.	Lesferill, lesfimi - september Orðarún, lestur/lesskilningur 5. - 9. okt.	Lesferill, lesfimi - janúar	Lesferill, lesfimi - maí Orðarún, lestur/lesskilningur 3. - 7. maí
9.	Lesferill, lesfimi - september Logos, 17. sept.	Lesferill, lesfimi - janúar	Lesferill, lesfimi - maí Samr. próf, ísl./stærðfr./enska 9. - 11. mars
10.	Lesferill, lesfimi - september	Lesferill, lesfimi - janúar	Lesferill, lesfimi - maí

Við greiningu einstakra nemenda er tekið mið af útkomu þessara prófgagna, auk þess sem haft er samráð við bekkjarkennara og í mörgum tilfellum aðra sérfræðinga. Oft er þörf á frekari greiningu, sem í flestum tilfellum er framkvæmd af sérkennara eða starfsmönnum Skólaskrifstofu Austurlands. Þau greiningarmatsgögn sem skólinn notast við eru einkum Logos lestrargreining og Talnalykill er notaður til að athuga stöðu í stærðfræði. Önnur greiningargögn sem notuð eru þegar við á eru hjá sálfræðingi, talmeinafræðingi og öðrum sérfræðingum Skólaskrifstofu Austurlands.

Út frá greiningu eru námsmarkmið sett og viðfangsefni valin. Einstaklingsnámskrá er gerð fyrir þá sem víkja verulega frá jafnöldrum í námi og fá annað námsefni. Sérkennsla getur átt við um tímabundna erfiðleika eða verið viðvarandi ástand, þar sem aðstoðar er þörf alla skólagönguna. Fyrirkomulag sérkennslunnar er með þeim hætti að ýmist koma nemendur í sérkennslustofu eða sérkennari fer inn í bekkinn til aðstoðar, allt eftir því sem henta þykir hverju sinni.

Íslenska sem annað mál

Nemendur í grunnskóla sem hafa annað móðurmál en íslensku og hafa fasta búsetu hér á landi eiga rétt á sérstakri kennslu í íslensku. Markmið kennslunnar er að nemendur geti stundað nám í íslenskum grunnskóla og tekið sem fyrst fullan þátt í íslensku samfélagi. Þá eru

nemendur hvattir til að halda móðurmáli sínu við og rækta það. Kjartan Glúmur Kjartansson annast þessa kennslu.

Námsráðgjöf

Starfi námsráðgjafa sinnir Dóra Sólrún Kristinsdóttir, dorasol@skolar.fjardabyggd.is og er hún með viðveru í skólanum alla daga til kl: 13.

Nemendur og/eða forráðamenn geta bókað viðtöl hjá starfandi náms- og starfsráðgjafa með því að koma við hjá henni, hringja eða senda tölvupóst. Allir nemendur hafa aðgang að námsráðgjafa og geta komið í viðtöl á viðtalstíma eða á öðrum umsömdum tíma.



Námsráðgjafi hefur starfsaðstöðu í námsveri II við hliðina á Tónlistarskólanum.

Hlutverk námsráðgjafa samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla eru að vinna með nemendum, foreldrum, kennurum, skólastjórnendum og öðrum starfsmönnum skólans að ýmiss konar velferðarstarfi er snýr að námi, líðan og framtíðaráformum nemenda.

Með því að:

- Liðsinna nemendum við að finna hæfileikum sínum, áhugasviðum og kröftum farveg.
- Veita nemendum aðstoð við að leita lausna ef vandi steðjar að í námi þeirra eða starfi í skólanum.
- Aðstoða nemendur við að vinna úr upplýsingum um nám sitt og leiðbeina þeim við áframhaldandi nám og starf.
- Hafa að leiðarljósi í námsfræðslu að kynna nemendum fjölbreytt námsframboð að loknum grunnskóla og störf af ýmsu tagi.
- Ennfremur að kynna báðum kynjum störf sem hingað til hefur verið litið á sem hefðbundin karla eða kvennastörf.
- Kynna fyrir nemendum ný störf og þróun starfa sem fylgja breytingum í nútímasamfélagi.
- Standa vörð um velferð og hagsmuni allra nemenda.
- Veita ráðgjöf um námstækni og skipulögð vinnubrögð.
- Veita persónulega ráðgjöf og stuðning m.a. vegna erfiðra samskipta, kvíða og eineltis.
- Sinna hópráðgjöf og ýmis konar fræðslu og forvarnarstarfi m.a. gegn vímuefnum, einelti og ofbeldi í samstarfi við stjórnendur og kennara.
- Sitja í nemendaverndarráði skólans og öðrum teyrum sem tengjast vinnu námsráðgjafa.

Námsráðgjafi er talsmaður allra nemenda og trúnaðarmaður. Hann er bundinn þagnarskyldu um einkamál þeirra en er undanþeginn þagnarskyldu þegar líf, heilsa og öryggi nemenda er í húfi. Einnig ef nemandi greinir frá lögbroti.


Sérfræðiaðstoð - Skólaskrifstofa Austurlands

Skólaskrifstofa Austurlands er byggðasamlag 7 sveitarfélaga á Austurlandi, frá Vopnafirði í norðri til Djúpavogs í suðri. Skrifstofan hefur aðsetur í Hermes, að Búðareyri 4 á Reyðarfirði. Hlutverk byggðasamlagsins er samkvæmt samningi að tryggja sérfræðipjónustu við leik- og grunnskóla og hafa umsjón með þjónustusamningi um málefni fatlaðra.

Skólaskrifstofa Austurlands er fyrst og fremst þjónustustofnun fyrir eigendur sína, þ.e. sveitarfélögin og er henni falin ábyrgð á ýmsum þjónustubáttum sérfræðipjónustu skóla. Sérfræðipjónustan er annars vegar til stuðnings við nemendur og fjölskyldur þeirra og hins vegar stuðnings við starfsemi leik- og grunnskóla og starfsfólk þeirra. Markmiðið er að þroskafræðileg og félagsfræðileg þekking nýtist sem best í skólastarfi. Þjónustan beinist að því að efla skóla sem faglegar stofnanir sem geti leyst flest þau viðfangsefni sem upp koma í skólastarfi og veita starfsfólki skóla leiðbeiningar og aðstoð við störf sín eftir því sem við á.

Starfsmenn skrifstofunnar eru:

Alma Sigríðar Sigurbjörnsdóttir, sálfræðingur
Berglind Ósk Guðgeirsdóttir, skrifstofumaður
Björg Þorvaldsdóttir, kennsluráðgjafi
Halldóra Baldursdóttir, talmeinafræðingur
Helga Þórarinsdóttir, starfsmaður B-deildar
Jarþrúður Ólafsdóttir, kennsluráðgjafi
Sigurbjörn Marínósson, forstöðumaður
Steinunn Ásta Lárusdóttir, sálfræðingur



Skólaheilsugæsla

Skólahjúkrunarfræðingur

Starfsmenn Heilbrigðisstofnunar Austurlands sinna starfi skólahjúkrunarfræðings.

Skólahjúkrunarfræðingar hafa viðveru í skólanum á mánu- og fimmtudögum.

Heilsugæsla skólabarna er framhald af ung- og smábarnavernd. Skólaheilsugæslan leitast við að efla heilbrigði nemenda og stuðla að vellíðan þeirra. Unnið er í samvinnu við foreldra/forráðamenn, skólastjórnendur, kennara og aðra sem koma að málefnum nemenda. Farið er með allar upplýsingar sem trúnaðarmál.

Reglubundnar skoðanir og bólusetningar

- | | |
|-----------|---|
| 1. bekkur | Sjónpróf, hæðarmæling og þyngdarmæling. |
| 4. bekkur | Sjónpróf, hæðarmæling og þyngdarmæling. |
| 7. bekkur | Sjónpróf, hæðarmæling og þyngdarmæling. Bólusett gegn mislingum, rauðum hundum og hettusótt (ein sprauta). Stúlkurnar fá auk þess bólusetningu gegn leghálskrabbameini. Gefnar eru tvær sprautur yfir veturinn. |
| 9. bekkur | Sjónpróf, hæðarmæling og þyngdarmæling. Bólusett gegn mænusótt, barnaveiki og stífkrampa (ein sprauta). |

Nemendur í öðrum árgöngum eru skoðaðir ef ástæða þykir til.

Ef líkur eru á að barnið sé ekki að fullu bólusett þá eru forráðamenn hvattir til að hafa samband við skólaheilsugæsluna. Bólusetningar barna eru alltaf á ábyrgð foreldra.

Fræðsla / heilbrigðishvatning / forvarnir

Skólaheilsugæslan sinnir skipulagðri heilbrigðisfræðslu og hvetur til heilbrigðra lífshátta.

Byggt er á hugmyndafræðinni 6 H heilsunnar, sjá nánar á www.heilsuvera.is. Áhersla fræðslunnar eru Hollusta- Hvíld – Hreyfing – Hreinlæti – Hamingja og Hugrekki. Einnig verður fræðsla um kynþroskann og kynheilbrigði í eldri bekkjum.

Ef breytingar hafa orðið á högum barnsins, eins og veikindi, vanlíðan eða lyfjanotkun eru forráðamenn hvattir til að tilkynna skólahjúkrunarfræðingi um slíkar breytingar.

Tannvernd

Skólaheilsugæslan bendir foreldrum á mikilvægi tannverndar og hvetur foreldra að skrá barn sitt hjá heimilistannlækni. Mælt er með að börn fari til tannlæknis einu sinni á ári. Kostnaður tannlæknisheimsóknar er niðurgreiddur af sjúkratryggingum. Að vori heimsækir tannlæknir nemendur í 10. bekk og fer yfir mikilvæg atriði varðandi tannheilsu.

Starfsáætlun nemenda

Stundaskrá nemenda

Skóladagur nemenda hefst kl. 8:10 og fer kennsla námsgreina að mestu fram hjá umsjónarkennara í 1. – 6. bekk. Í 7. – 10. bekk skipta kennarar með sér námsgreinum eftir sérfræðipækkingu sinni en hver bekkur hefur sinn umsjónarkennara. Sérgreinakennsla fer fram í öllum árgöngum í íþróttum og list- og verkgreinum. Valgreinar á unglingastigi eru kenndar á mánudögum, þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum eftir hádegið.

Skóladagatal er á heimasíðu skólans: [grunnrey.is](https://www.grunnrey.is)

<https://www.grunnrey.is/static/files/skolinn/2020-2021/skoladagatal-2020-2021.pdf>

Útivistardagur að hausti

Unglingastig

Nemendur og kennarar unglingastigs fara saman í göngu. Til dæmis er farið í Stóruð og á Grænafell.

Miðstig

Hver bekkur á sinn áfangastað á miðstigi. 5. bekkur fer á Stöðvafjörð og heimsækir Steinasafn Petru og grunnskólann. 6. bekkur gengur út að Sómastöðum og skoðar Sómastaðabæinn. 7. bekkur gengur Staðarskarð, frá Fáskrúðsfirði til Reyðarfjarðar.

Yngsta stig

1. bekkur gengur upp að Skúlaklettum, þar sem farið er í berjamó og leiki. 2. bekkur gengur inn að Andapólli að veiða síli og leika sér. 3. bekkur gengur upp fyrir stíflu í berjamó og leiki og 4. bekkur gengur Götuþjallann í sunnanverðum Reyðarfirði.

Samtöl við annaskil

Skólaárinu eru skipt í þrjár annir. Í upphafi skólaárs eru samtöl nemenda, foreldra og umsjónarkennara þar sem rætt er um námsmat liðinnar vorannar, markmið og áherslur á komandi skólaári og námsefni vetrarins.

Einnig eru samtöl nemenda, foreldra og umsjónarkennara í byrjun nýs árs þar sem farið er yfir námsstöðu nemenda.

Frammistöðumat og hæfniviðmið

Nemendur vinna frammistöðumat í Mentor fyrir annarlök í nóvember og febrúar. Hver kennari fyllir út hæfniviðmið fyrir þær greinar sem hann kennir hjá hverjum nemenda.

Að vori fá nemendur vitnisburð byggðan á hæfniviðmiðum fyrir námsgreinar vetrarins afhentan á skólaslitum.

Samræmd próf

Samræmd próf eru að hausti fyrir 4. og 7. bekk þar sem prófað er í íslensku og stærðfræði. Í mars eru samræmd próf í 9. bekk þar sem prófað verður í íslensku, stærðfræði og ensku.

Vetrarfrí

Fimm dagar eru skipulagðir í vetarfrí á þessu skólaári, þrír að hausti og tveir að vori.

Þemadagar

Í vetur er ein þemavika, fyrstu vikuna í október.

Stofujól

Stofujól eru haldin síðasta kennsludag fyrir jólafrí í tveim síðustu kennslustundum dagsins. Þá er brugðið út af stundaskrá og hver bekkur á notalega stund saman. Umsjónarkennari sér um þessa tíma og nemendur eru hvattir til að koma með kerti, smákökur og drykk. Nemendur fá jólakortin sín afhent, hlusta á jólasögur, fara í leiki eða spila, allt eftir samkomulagi nemenda og umsjónarkennara.

Litlu jólin og jólaball

Litlu jól eru haldin næstsíðasta kennsludag fyrir jólafrí. Skemmtun 1. – 7. bekkjar er haldin síðdegis en skemmtun unglingastigs um kvöldið. Á litlu jólum yngri hópsins sjá nemendur 2. – 7. bekkjar um skemmtiatriði og síðan er gengið í kringum jólatré og jólasveinar koma í heimsókn. Eldri hópurinn heldur jólaball og fær líka heimsókn jólasveina. Nemendum í 5. – 7. bekk stendur til boða að fara á jólaballið með unglingunum.

Íþróttadagur

Seinnipart janúar eða í byrjun febrúar er sameiginlegur íþróttadagur elstu bekkja grunnskóla Fjarðabyggðar. Íþróttakennarar skólanna undirbúa daginn. Grunnskólar Fjarðabyggðar skiptast á að halda íþróttadaginn. Íþróttakennarar fylgja nemendum og fleiri kennarar eru fengnir eftir þörfum. Keppt er í fjölbreyttum greinum svo sem limbó, stinger og stigvélasparki og spurningakeppni skólanna slær oftast botninn í daginn.

**Þorablót**

Nemendur í 1. – 4. bekk halda sitt blót á skólatíma eða klukkan 11:30 – 13:10. Þeir byrja á því að snæða þorramat um kl. 11:30 og sungin eru nokkur lög undir borðum. Einnig sjá starfsmenn um skemmtiatriði. Að loknu borðhaldi er dansað eins og tími vinnst til. Þeir nemendur sem eru í mat greiða ekki sérstaklega fyrir þorramatin en öðrum

gefst kostur á að greiða hóflega upphæð fyrir þorramat og drykk.

Nemendur í 5. – 10. bekk halda sitt þorablót að kvöldi til eða frá 18:30 – 22:00. Nemendur 10. bekkjar skipuleggja dagskrána; sjá um að skreyta salinn, undirbúa annál og skemmtiatriði. Nemendur greiða aðgangseyri að þorablótinu.

Heimsókn í framhaldsskóla

Nemendur 10. bekkjar heimsækja Verkmenntaskólann í Neskaupstað og Menntaskólann á Egilsstöðum á skólaárinu. Nemendur 9. bekkjar taka þátt í verknámsviku í VA að vori. Nemendur fá einnig kynningu frá framhaldsskólanum á Laugum.

Skólahreysti

Skólinn tekur þátt í Skólahreysti og er greinin ein valgreina á unglingastigi.

Stóra upplestrarkeppnin í 7. bekk og Litla upplestrarkeppnin í 4. bekk

7. bekkur tekur þátt í Stóru upplestrarkeppninni. Það ferli hefst með formlegum hætti ár hvert á Degi íslenskrar tungu 16. nóvember og lýkur á upplestrarkeppni í Fjarðabyggð að vori. 4. bekkur tekur þátt í Litlu upplestrarkeppninni sem einnig hefst 16. nóvember og æfa nemendur sig í upplestri fram eftir vetri. Því ferli líkur með viðburði fyrir foreldra að vori.

Árshátíð

Síðast liðin ár hafa nemendur 1. – 10. bekkjar unnið að einni heildstæðri sýningu ásamt nemendum og kennurum Tónlistarskólans. Sýnd hafa verið verkin Bugsy Malone, Litla Hryllingsbúðin og Ávaxtakarfan. Þetta fyrirkomulag hefur mælst vel fyrir og stefnum við á að hafa sama háttinn á. Oftast er árshátíðin á fimmtudagskvöldi og skemmtiatriðin eru æfð að mestu leyti í þeirri viku. Forráðamenn 9. bekkinga sjá um kaffiveitingar fyrir gesti til styrktar ferðasjóði bekkjarins. Einnig sjá þau um pönnuköku- og múffubakstur, en nemendur eru í stofum sínum þetta kvöld við spil og leiki að því undanteknu að fara á svið með atriðið sitt, og fá þá hressingu í stofuna. Á þessu skólaári verður söngleikurinn Mamma Mía settur upp.

Skíðadagur

Skíðadagur er haldinn snemma vors og allir hvattir til að fara á skíði. Þeir sem eiga ekki útbúnað eru hvattir til þess að athuga hvort hægt sé að fá hann lánaðan og einnig er hægt að leigja búnað í skíðamiðstöðinni. Fyrir þennan dag þurfa nemendur að koma vel nestaðir og vel klæddir. 1. – 4. bekkur er í fjallinu til kl. 12:30 en eldri nemendur hafa val um að fara heim þá eða seinna um daginn.

Skólaferðalag

Nemendur fara í skólaferðalag í 9. bekk. Forráðamenn sjá um að skipuleggja fjáröflun og einnig um skipulag ferðarinnar. 10. bekkur mun fara í sitt skólaferðalag vikuna 7. – 11. september þar sem ekki var hægt að fara í ferðalagið á vormánuðum.

Vordagar

Tveir síðustu kennsludagar vorsins eru skipulagðir til útivistar í nágrenni skólans. Einn dagur er hjóladagur/göngudagur og einn leikjadagur sem skipulagður er af nemendafélaginu. Seinasta deginum lýkur með grillveislu sem nemendur 10. bekkjar sjá um.

Skólaslit

Skólaslit fara fram í sal skólans þar sem skólastjóri slítur skóla og síðan fara nemendur 1. – 9. bekkjar með sínum umsjónakennar í stofur og fá afhent vitnisburðarblað. Skólaslit 10. bekkar eru haldin seinnipart eða að kvöldi og eftir ávarp skólastjóra, afhendingu einkunna, viðurkenninga og ávarps nemenda er kaffisamsæti á sal skólans. Einnig kynna 10. bekkingar lokaverkefni sín.

Ráð og nefndir í Grunnskóla Reyðarfjarðar

Skilgreining vegna stofnunar nemendaverndarráðs:

Samkvæmt barnaverndarlögum ber starfsmönnum grunnskóla skylda til að tilkynna barnaverndaryfirvöldum ef grunur vaknar um að aðbúnaði barna sér ábótavant.

Reglurnar má sjá á heimasíðu skólans [grunnrey.is](https://www.grunnrey.is)

<https://www.grunnrey.is/static/files/skolinn/verklagsreglur-um-tilkynningaskyldu-starfsmanna.pdf>

Skólaráð

Guðlaug Árnadóttir, formaður
Díana Ívarsdóttir, ritari
Magnús J. Ásbjörnsson, fulltrúi starfsm.
Guðbjörg M. Kristjánsd., varam. starfsm.
Baldur Þór Finnsson, fulltrúi kennara
Guðný Helga Grímsdóttir, fulltrúi. kennara
Sigríður H. Gunnarsd. varam. Kennara
Amelía Sól Jóhannsd., fulltrúi nem.
Berdís Steinþórsdóttir, fulltrúi nem.
Klara Sól Jónsdóttir, varam. nemenda
Ásgeir Jón Ásgeirsson, fulltrúi foreldra
Sigrún Birna Björnsdóttir, fulltrúi foreldra
Puríður Haraldsdóttir, varam. foreldra
Guðrún Pétursdóttir, fulltrúi grenndarsamf.

Nemendaverndarráð

Alma Sigurbjörnsdóttir
Hildur Magnúsdóttir
Bergey Stefánsdóttir
Díana Ívarsdóttir
Guðlaug Árnadóttir
Hjördís Helga Seljan Þóroddsd
Bryndís Guðmundsdóttir
Dóra Sólrún Kristinsdóttir

Stjórn foreldrafélags

Sigríður Valdimarsdóttir
Valgeir Ægir Ingólfsson
Guðlaug Erna Álfgeirsd.
Jón Ólafur Eiðsson
Elínóra Ósk Harðardóttir

Stjórn nemendafélags

Anna Rakel Björnsdóttir, formaður
 Sebastían Andri Kjartansson, formaður
 Daníel Arnar Stefánsson
 Ásdís Iðá Hinriksdóttir
 Garðar Antonio Jimenez
 Kristey Bríet Baldursdóttir
 Unna Dís Guðmundsdóttir
 Guðmundur Kári Einarsson
 Pálína Hrönn Garðarsdóttir
 Logi Kristinsson

Fræðslunefnd

Einar Már Sigurðsson
 Sævar Arngrímsson
 Birta Sæmundsdóttir
 Þuríður Lillý Sigurðardóttir
 Jóhanna Sigfúsdóttir

**Fulltrúar nemenda í
ungmennaráði
Fjarðabyggðar****Hagnýtar upplýsingar****Veður og færð**

Ef veður er mjög slæmt er nauðsynlegt að hlusta á tilkynningar í útvarpi, jafnframt verða smáskilaboð send til allra foreldra ef skólahaldi er aflýst.

Forráðamenn yngri barna eru minntir á að meta veðurútlit hverju sinni. Veður getur verið slæmt þó ekki sé talin þörf á að leggja niður kennslu og þá er rétt hafa yngri börnin heima ef ekki er hægt að fylgja þeim bæði í og úr skóla.

**Mötuneyti**

Mötuneyti skólans býður upp á hádegismat. Nánari upplýsingar um hádegismat eru á heimasíðu skólans grunnrey.is og hjá ritara 474 1247.

Forföll

Brýnt er að veikindi séu tilkynnt af foreldrum til skólans eins fljótt og hægt er og þeir beðnir að láta vita fyrir hvern dag. Hægt er að tilkynna veikindi barns í gegnum heimasíðu mentor.is.

Alltaf þarf að sækja sérstaklega um leyfi ef nemandi þarf frí frá skóla. Umsjónarkennari getur gefið leyfi fyrir tvo daga en þurfi lengra frí skal sótt um það skriflega á þar til gerðu leyfisbréfi. Hægt er að nálgast leyfisbréfið á heimasíðu skólans grunnrey.is og hjá ritara. Hringt er heim ef nemendur eru ekki mættir í skólann kl. 08:15.

Öryggi

Forráðamenn þurfa að fylgjast með því að börn þeirra noti endurskinsvesti eða endurskinsmerki. Ef nemandi kemur á hjóli í skólann skal hann nota hjálm og geyma hjólið í hjólagrind. Athygli er vakin á því að skólinn ber ekki ábyrgð á hjólum sem standa við skólann. Þann 1. janúar 2020 tóku ný umferðalög gildi, þar er tvennt að finna sem skiptir nemendum okkur máli hvað varðar reiðhjól:

- 1) Barn yngra en níu ára má ekki hjóla á akbraut nema undir leiðsögn og eftirliti manns sem náð hefur 15 ára aldri.
- 2) Hjólreiðamaður sem náð hefur 15 ára aldri má reiða börn yngri en sjö ára, enda séu þeim ætluð sérstök sæti og þannig um búíð að ekki stafi hætta af hjólteinunum.

Þetta þýðir að nemendum að vori í 3. bekk og uppúr, er frjálst að koma á reiðhjólum í skólann annarsvegar og hinsvegar að einungis nemendur í tíunda bekk og nemendur sem eru á vorönn í níunda bekk mega reiða börn yngri en 7 ára.

Nemendur eiga að nota hjálma séu þeir á hjólum í skólanum.

Almennt

Forráðamenn þurfa að gæta þess að börn þeirra fái nægan svefn, staðgóðan morgunverð og komi klædd eftir veðri. Þar sem mikið safnast upp af óskilafatnaði í skóla og íþróttahúsum forráðamenn hvattir til að merkja flíkur barnanna. Reglulega er óskilafatnaður sendur til Rauða kross Íslands.

Minnisatriði vegna íþróttakennslu

Fyrir íþróttatíma:

Hleypt er inn í klefa þegar bjallan hringir. Skóm skal raðað snyrtilega í skóhillur. Bekkurinn er allur við sama vegg í búningsklefa. Föt skal hengja snyrtilega á snaga.

Bannað er að fara með síma inn í búningsklefa.

Eftir íþróttatíma:

Íþróttaföt skulu sett strax ofan í tösku/poka. Nemendur eiga að fara strax í sturtu og þvo sér hratt en vel. Nemendur eiga að þurrka sér frammi í búningsklefa.



Öll læti og stríðni eru bönnuð.

Rétt er að minna á að forráðamenn þurfa að hringja í ritara ef nemendur geta ekki vegna veikinda eða af öðrum ástæðum, tekið þátt í tímum.



Skólasel

Nemendum í 1. - 4. bekk er boðið upp á síðdegisvistun frá kl. 13:10 - 16:20. Starfsmenn eru Ásthildur Magnea Reynisdóttir, Marzenna Bogumila Kowalska forstöðumaður skólasels, Paola Delfina Felix Pinto, Magnús Jenssen Ásbjörnsson og Sigríður Guðný Sigurðardóttir. Hér fyrir neðan er stundataflan í Skólaselinu en þess ber að geta að hér er eingöngu um viðmiðunartöflu að ræða.

Kl.	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
13:10 14:15	Val Ávextir	Val Ávextir	Val Ávextir	Val Ávextir	Val Ávextir
14:15 14:45	Hressing	Hressing	Hressing	Hressing	Hressing
14:45 16:00	Útivera	Útivera	Útivera	Útivera	Útivera
16:00 16:20	Frjáls leikur	Frjáls leikur	Frjáls leikur	Frjáls leikur	Frjáls leikur

Nemendur geta sótt íþróttatíma og tómstundir úr Skólaselinu. Starfsmenn þurfa að fá skýra beiðni um það frá foreldrum. Einnig er mikilvægt að láta vita um allar breytingar, t.d. ef börn sem venjulega eru sótt eiga að ganga sjálf heim.

Foreldrafélag

Foreldrafélag Grunnskóla Reyðarfjarðar var stofnað 1985

Markmið félagsins eru:

- að efla samstarf foreldra og starfsfólks skólans.
- að styðja heimili og skóla við að skapa nemendum góð uppeldis- og menntunarskilyrði.
- að koma á framfæri sjónarmiðum foreldra varðandi skóla- og uppeldismál.

Markmiðum sínum hyggst félagið m.a. ná með eftirtöldum hætti:

- að halda fundi í samráði við skólayfirvöld um ýmis uppeldisfræðileg efni.
- að vinna að bættum aðbúnaði nemenda í skólanum og öllu öðru er aukið getur velferð nemenda.
- að styðja eftir megni félags- og tómstundastarf nemenda.
- að skipa bekkjarfulltrúa í hverjum bekk sem sjá um starf í þágu bekkjarins í samráði við umsjónarkennara.

Fjarðaforeldrar

Svæðisráð foreldrafélaga í Fjarðabyggð.

Fjarðaforeldrar er samráðsvettvangur foreldrafélaga í Fjarðabyggð og málsvari foreldra og grunnskólanemenda í sveitarfélaginu. Formlegur stofnfundur var haldinn 28. maí 2009.

Stjórnarmenn eru tíu talsins, tveir forráðamenn frá foreldrafélagi hvers grunnskóla í Fjarðabyggð.

Félagslíf og skemmtanir

Nemendaráð Grunnskóla Reyðarfjarðar stendur fyrir fjölda viðburða yfir skólaárið. Ráðið samanstendur af 10 nemendum úr 7 – 10. bekk og hittist vikulega. Meðal viðburða sem nemendaráð stendur fyrir eru draugahús á Dögum myrkurs, þrettándagleði, dansleikir og styttri viðburðir á sal skólans.



Félagsmiðstöðin Zveskjan

Félagslíf fyrir 5. – 7. bekk: Félagsmiðstöðin opin á mánudögum frá kl. 16:30 - 18:30.

Félagslíf fyrir 8. – 10. bekk: Mánudögum kl. 19:30-21:30

Miðvikudögum - Klúbbastarf kl. 19:30-21:00

Annan hvern föstudag kl. 19:30- 21:30

Annað félagsstarf

Á vegum kirkjunnar starfar æskulýðsfélagið Loðni biskupinn fyrir nemendur í 9. og 10. bekk og TTT, tíu til tólf ára starf.

Skemmtanir á vegum skólans

Fastir liðir:

Fjarðaball fyrir 8. – 10. bekk grunnskólanna á Austurlandi haldið í september/október.

Íþróttadagur grunnskólanna í Fjarðabyggð fyrir 7. -10. bekk er haldinn til skiptis í Grunnskólum Fjarðabyggðar í janúar.

Þorablót í janúar fyrir 1. – 10. bekk.

Árshátíðarvika: Skemmtiatriðin eru æfð fyrstu 4 daga vikunnar og árshátíðin haldin á fimmtudagskvöldi.

Litlu jól og jólaball: Litlu jólin eru tvískipt þannig að 1. – 7. bekkur halda sína skemmtun að deginum en unglingastig að kvöldi til. Nemendum í 5. – 7. bekk stendur einnig til boða að mæta á jólaballið með unglingunum.

Öskudagurinn er skóladagur en allt hefðbundið skólastarf er lagt til hliðar og nemendur fara í bæinn fyrir hádegi en öskudagsskemmtun er í íþróttahúsinu eftir hádegi.

Auk þessa stendur nemendafélag Grunnskóla Reyðarfjarðar fyrir ýmsum viðburðum á skólaárinu og eru þeir auglýstir sérstaklega.

Skólasafn

Hlutverk skólasafns er:

Að vera virkur þáttur í fræðslu- og uppeldisstarfi skólans.

Að kenna nemendum að nota bækur og bókasöfn sér til gagns og æfa þá í sjálfstæðri heimildaöflun í samvinnu við umsjónarkennara.

Að gefa nemendum kost á gagnlegu og þroskandi lesefni til tómstundalestrar.

Skólasafnið á að vera í senn, útlánsstofnun, vinnustaður nemenda og kennara en einnig menningarmiðstöð skólans.



Safnið er opið nemendum sem vinna að ákveðnum verkefnum í skólanum og eru nemendur hvattir til að nota aðstöðuna til heimanáms. Þá geta nemendur annað hvort nýtt sér opnunartíma eða kennari farið með nemendum sínum á safnið. 10. bekkur fær fræðslu um gagnasöfnin Leitir og Gegni hjá forstöðumanni skólasafns.

Útlán:

Í vetur verður fastur opnunartími á safninu
frá kl. 08:10 – 17:00 mánudaga, þriðjudaga og miðvikudaga og
frá kl. 08:10 – 19:00 á fimmtudögum, lokað á föstudögum.

Þá gefst nemendum tækifæri á að koma á safnið og skoða bækur og önnur gögn og þeir geta tekið með sér heim áhugaverðar bækur, eða sest niður og litið í bækur og blöð á safninu. Nemendur fá frí bókasafnskort á almenningssafni.

Safnefni grunnskólans:

Safnkostur nær til prentaðs efnis og nýsigagna. Á safninu eiga að vera bækur, hljóðbækur, tímarit, smárit, geisladiskar, mynddiskar, myndir og kennsluforrit. Bókakostur safnsins er skráður í miðlægan gagnagrunn; Gegni.

Forstöðumaður skólasafnsins er Guðrún Rúnarsdóttir.

Tryggingar skólabarna

Í gildi er samningur milli sveitarfélagsins og Tryggingamiðstöðvarinnar um tryggingar. Innifalið í þeim samningi er trygging skólabarna. Meginþættir þessa samnings eru:

Sveitarfélagið veitir öllum skólabörnum tryggingu gegn slysum. Helstu skilmálar eru þessir:

1. Tryggingin nær til allra nemenda sem skráðir eru í skólann.
2. Tryggingin gildir þann tíma sem skólinn er starfræktur.
3. Tryggingin tekur til slysa sem nemendur kunna að verða fyrir á skólatíma í eða við skóla og á leið til eða frá skóla eða í skipulagðri starfsemi á vegum sveitarfélagsins í æskulýðs- og íþróttamiðstöðvum.
4. Tryggingin tekur til hvers nemanda, sem verður fyrir líkamstjóni eða dauða af völdum slyss, eins og nánar greinir í skilmálum tryggingafélagsins.
5. Slyss ber að tilkynna til skólayfirvalda og tryggingafélags.

Viðbrögð við vá

Rýmingaráætlun

Sjá áætlun á heimasíðu skólans, [grunnrey.is](https://www.grunnrey.is):

<https://www.grunnrey.is/static/files/skolinn/rymingaraetlun.pdf>

